

## Umferðarslys erlendra ferðamanna

### *Umferðarslys erlendra ferðamanna á bílaleigubílum 2000-2004*

Ágúst Mogensen – Rannsóknarnefnd umferðarslysa

Nokkur umræða hefur verið um slys erlendra ferðamanna undanfarin misseri og mikill vilji meðal þeirra sem sinna umferðaröryggismálum og ferðaþjónustu að finna leiðir til að koma í veg fyrir slys í þessum flokki. Heimsóknum erlendra ferðamanna til Íslands hefur fjölgað mikið og notkun þeirra á vegakerfinu aukist. Sem dæmi má nefna að árið 1993 heimsóttu 157 þúsund erlendir ferðamenn Ísland, en árið 2003 hafði sú tala rúmlega tvöfaldast og var orðin 320 þúsund (Hagtölur 2004/Ferðaþjónusta). Bílaleigubílum hefur einnig fjölgað í samræmi við þetta. Árið 2000 voru skráðir bílaleigubílar 2321 en árið 2004 voru þeir um 4000. Samtök ferðaþjónustunnar hafa áætlað að á háannatíma yfir sumarmánuðina nemi akstur bílaleigubíla um 1,2 milljón kílómetra á dag þegar mest lætur. Þessar tölur eru áætlaðar og má vafalaust deila um forsendur þeirra, en mikilvægast er að hafa í huga, að heimsóknum erlendra ferðamanna til Íslands fer fjölgandi og notkun þeirra á vegakerfinu er mikil og eykst með hverju árinu. Að fækka slysum í þessum flokki er mikilvægur liður í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda auk þess sem umtalsverðir hagsmunir eru í húfi vegna ímyndar Íslands sem öruggs ferðaþjónustulands.

Í þessari rannsókn er reynt að varpa ljósi á umfang slysa erlendra ferðamanna árin 2000-2004 og staðsetningar þeirra og er þar unnið með kort sem sýna hvar flest slysin verða. Jafnframt eru forvarnir ræddar með hliðsjón af viðhorfum ferðamanna og forráðamanna bílaleiganna. Mikilvægt er að samþætta þessi sjónarmið til að ná sem bestum árangri í forvarnarstarfi. Svo dæmi sé tekið er ýmislegt sem betur má fara við merkingar vega, en það breytir ekki þeirri staðreynd að algengasta ástæða þess að ferðamenn fórust í umferðarslysum undanfarin ár er sú að þeir notuðu ekki bílbelti.

Einnig hefur verið bent á að margir erlendir ferðamenn koma til Íslands til að heimsækja óspillta náttúru og vilja ferðast um torfærur og vegleysur. Það felur í sér að sumir vilja ekki aka um malbikaða vegi og merkingar á vegum eru þeim ekki aðalatriði. Þá ber að hafa í huga að áhugi erlendra ferðamanna á fræðslu, áróðri, lesefni og myndböndum er upp og ofan og bílaleigurnar ekki öfundsverðar af að koma þessu efni að, sér í lagi ef viðskiptavinirnir eru þreyttir og pirraðir og vilja bara fá sinn bíl strax!

Rannsóknin byggir á greiningu banaslysa erlendra ferðamanna 2000-2004 og gögnum úr slysagrundi Umferðarstofu (áður Umferðarráðs) yfir öll slys erlendra ferðamanna á bílaleigubílum árin 2000-2004. Fékk RNU styrk frá Rannsóknarráði umferðaröryggismála vegna verkefnis. Þá naut nefndin liðsinnis Vegagerðarinnar og Slysaskrár Umferðarstofu við vinnslu og öflun gagna um slys erlendra ferðamanna á þessu 5 ára tímabili 2000-2004. Samtök ferðaþjónustunnar og forsvarsmenn nokkurra bílaleiga sem leitað var til lögðu nefndinni einnig lið í verkefninu. Er það von nefndarinnar að rannsóknin nýtist forsvarsmönnum ferðaþjónustunnar í landinu og þeim sem láta sig umferðaröryggi erlendra ferðamanna varða.